

AUGLÝSING
um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Kópavogsbæjar og Garðabæjar
um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 3. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hefur innanríkisráðuneytið staðfest samkomulag dags. 23. janúar 2013 um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Sveitarfélagamörk Garðabæjar og Kópavogsbæjar flytjast til vesturs í suður Vatnsenda á Kjóavelli. Tengibraut í norðurhluta Kjóavalla og lóð reiðhallar Kjóavalla fellur inn í land Kópavogsbæjar. Land Kópavogsbæjar stækkar við þessa breytingu um 1,47 ha og 2,79 ha til vestur en minnkar um 0,03 ha til austurs á svæði Kjóavalla. Kópavogsbaer stækkar um 2,23 ha og land Garðabæjar minnkar sem því nemur.

Fyrir breytingu afmörkuðust sveitarfélagamörk Garðabæjar og Kópavogsbæjar í hnitum 1, EMK 1, EMK 2 og 8. Eftir breytinguna eru sveitarfélagamörk sveitarfélaganna í hnitum 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 (hnitakerfi ISN93):

Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	361716.643	400943.106
2	361723.935	400880.106
3	361763.216	400757.709
4	361814.321	400675.115
5	361827.418	400614.711
6	361678.917	400579.723
7	361725.024	400373.205
8	361827.952	400359.871

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 28. janúar 2013.

F. h. r.
Ragnhildur Hjaltadóttir.

Hermann Sæmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2013